

55

12. maí

AUGLÝSING

um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum.

Hinn 12. marz s.l. var skrásett í brezka utanríkisráðuneytinu þátttaka Íslands í alþjóðasamningi um hvalveiðar, sem undirritaður var í London hinn 8. júní 1937, ásamt viðbótarsamningum frá 24. júní 1938 og 26. nóvember 1945. Enn fremur var hinn 18. apríl s.l. utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna tilkynnt þátttaka Íslands í viðbótarsamningi við ofangreindan samning, sem undirritaður var í Washington hinn 2. desember 1946.

Hinn 10. marz s.l. var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna tilkynnt þátttaka Íslands í alþjóða hvalveiðisamningum, sem undirritaður var í Washington hinn 2. desember 1946, jafnskjótt og hann gengur í gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. maí 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

56

17. maí

AUGLÝSING

um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar
hinna sameinuðu þjóða.

Hinn 12. maí 1947 staðfesti Ísland stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar hinna sameinuðu þjóða (International Refugee Organization).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. maí 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.